

Konan á bak við krossgátur Læknablaðsins

■ ■ ■ Helga Ágústa Sigurjónsdóttir

Erla Sigríður Sigurðardóttir er á kandidatsárinu á Landspítala og stefnir á sérnám í bráðalækningum. Hún hefur í störfum sínum á bráðamóttökunni glatt samstarfsmenn með gátum og vísun sem vikulega birtast á kæliskáp bráðamóttökunnar. Sá sem leysir gátuna er síðan verðlaunaður með litlum glaðningi frá Erlu. Í aðdraganda jóla birti hún daglega í 13 daga nýja vísu um „spítalajólasveinana“ með vísun í gömlu íslensku jólasveinana. Auk alls þessa tekst Erla á við hagarðinga í *Morgunblaðinu* og kveðst á við þá. *Læknablaðið* hafði spurn af hæfileikum og uppátækjum Erlu Sigríðar og brást hún vel við ósk um að senda blaðinu mánaðarlega krossgátu og vísu sem læknar landsins og aðrir lesendur keppast við að leysa við í hverju blaði. Við vorum forvitin um þennan gleðigjafa og mikla hagarðing og fengum hana til að svara nokkrum spurningum.

Hvað varð til þess að þú fórst að setja upp gátur fyrir samstarfsfólkið á bráðamóttökunni?

Þetta byrjaði raunar með því að ég hóf að senda inn vísna gátur í *Morgunblaðið* sumarið 2023. Það er nú þegar hefið fyrir vísna gátu hvern laugardag í Mogganum en ég vildi gjarnan fá að spreya mig á þessu sjálf, setja saman og sjá hvort einhver myndi ná að leysa gátuna. Vísurnar mínar birtust þó iðulega á vikudögum þegar fólk var kannski lítið að leita eftir slíku og því fáir sem svöruðu. Ég hélt samt áfram að semja en hafði þetta að mestu út af fyrir mig. Þegar ég hóf störf á bráðamóttökunni sumarið 2024 datt mér þetta bara í hug einn daginn, að prófa að hengja upp eina gátu sem ég var ánægð með og sjá hvort einhver myndi senda inn. Hugsaði að það yrði kannski skemmtilegt uppbrot á vinnudeginum og svo vantaði mig vettvang til að koma þessu á framfæri.



Erla Sigríður skrifar undir *Codex Ethicus* hjá Læknafélaginu árið 2023.

Hefurðu verið að búa til gátur og vísur lengi?

Ég var eitthvað að fikta og setja saman sem unglingur en tók þetta ekki upp af alvöru fyrr en um það leyti sem ég útskrifaðist úr læknadeild eða vorið 2023.

Er þetta fjölskyldu-sport? Ertu komin af miklum hagarðingum?

Það ríkir mikil frásagnargleði í móðurættinni, amma og afi höfðu sérstakt dálæti á því að segja frá og krydda þannig hversdaginn. Afi var mikill sögumaður og gat haldið áhlustendum á tánum. Hann var launfyndinn og voru sögurnar oft kímni blandnar. Amma var meira fyrir styttri skemmtisögur úr hversdagsamstrinu og hló oft hátt og mikið meðan hún sagði frá. Frænka mín, þeim megin, er barnabókahöfundurinn Bryndís Björgvinsdóttir.

Föðuramma mín hafði síðan sérstaka ánægju af því að segja mér svokallaðar „Palla-sögur“. Þær hverfðust alla jafna um vandræðagæmninginn Palla sem hafði týnst í hinum og þessum ferðalögum fjölskyldunnar og við tók örvæntingarfull leit að drengnum. Hún hafði lesið sér til um staðina fyrirfram og notaði sögurnar til að fræða mig um heimssöguna í leiðinni. Þannig lærði ég til að mynda fyrst um Kínamúrinn, helförina og apaköttinn í Eden í Hvera-

gerði sjö ára gömul upp í rúmi hjá ömmu minni í leit að Palla.

Hvernig kemur andinn yfir þig? Þegar þú ert úthvöld eða er það eftir mikið álag í vinnunni?

Bæði. En ég finn að ég á best með að skrifa og setja eitthvað saman þegar mér líður vel. Þegar ég var á öðru ári heimsóttum við heilsugæslu í tvo daga sem hluta af líkamsskoðunarkúrsinum, til að sjá hvernig líkamsskoðun færi fram svona „úti í feltinu“. Læknirinn sem tók á móti mér, ég get ómögulega munað hvað hann heitir, sagði að þeim sem hugnaðist að gerast rithöfundur, ætti að vera heimilislæknir. Þannig kæmist maður í tæri við ótrúlega karaktera og heyrði magnaðar sögur. Ég hugsa oft um þetta þegar ég er að vinna og sérstaklega ef það er mikið álag og erfitt. Maður er svo heppinn að fá að hitta allt þetta fólk, kynnast svo mörgum hliðum á lífinu og geta vonandi aðeins hjálpað til. Ég held að það sé afskaplega frjór jarðvegur fyrir hvers kyns sköpun.


Hvernig sérðu fyrir þér framtíðina, verður þú rithöfundur með læknisstörfunum?

Mér þykir það afar líklegt. Ég er þó ekkert að flýta mér og ætla bara að njóta þess að vinna líka. Þetta er samt eitthvað sem ég gríp í þegar færi gefst enda getur verið hollt að hvíla sig við eitthvað svo gjörólíkt því sem maður fæst við dagsdaglega.

Boulliondreypir

*Boulliondreypir, vesæll ver,
á vatn og brauð er nískur,
Harla slappur, hann nú er
hyponatremískur.*

*Lítill matarlystin er,
lítið kauði tyggur.
Bjarglaus inn á B7 fer,
Bollasúpu þiggur*



Guðmundur Hannesson (1866-1946).



Helga Hannesdóttir geðlæknir og barnabarn Guðmundar Hannessonar stofnanda Læknablaðsins og Helga Ágústa Sigurjónsdóttir ritstjóri Læknablaðsins /Mynd Helga Hannesdóttir.

Læknablaðið stofnað af Guðmundi Hannessyni 1901

110 ára afmælisárgangur Læknablaðsins að baki

■■■ Helga Ágústa Sigurjónsdóttir

Eins og læknum er kunnugt var 110 ára útgáfuafmæli *Læknablaðsins* fagnað á Læknadögum í janúar 2025 í Hörpu. Þangað mætti meðal annars Helga Hannesdóttir geðlæknir, barnabarn Guðmundar Hannessonar, sem í kjölfarið færði ritstjóra *Læknablaðsins*, Helgu Ágústu Sigurjónsdóttur, mynd af afa sínum að gjöf.

Þetta er ekki í fyrsta sinn sem Helga Hannesdóttir kemur færandi hendi til *Læknablaðsins*, því á 100 ára útgáfuafmæli þess sem var haldið í Iðnó, færði hún blaðinu og Læknafélagi Íslands að gjöf fjóra innbundna árganga af fyrirrennara *Læknablaðsins* sem afi hennar, Guðmundur Hannesson prófessor og fyrsti ritstjóri *Læknablaðsins*, handskrifaði, fjölritaði og sendi til allra lækna landsins á árunum 1901-1904. Hann var síðan ritstjóri blaðsins frá endurreisn þess árið 1915 allt fram til ársins 1921. Þessir árgangar *Læknablaðsins* fyrra, sem Helga Hannesdóttir lét binda inn, eru varðveittir hjá Læknafélagi Íslands og *Læknablaðinu* og geta lækna litid við og skoðað þessa dýrgrip í húsnæði blaðsins og Læknafé-

lags Íslands í Hlíðasmára. Helgu eru enn á ný færðar innilegar þakkir fyrir þessar gjafir og hlýhug til blaðsins.

Allir árgangar *Læknablaðsins* eru geymdir á www.timarit.is og ættu lækna að gefa sér tíma til að skoða þann fjársjóð. *Læknablaðið* hefur frá upphafi birt vísindalegt efni íslenskra lækna ásamt félagslegum þáttum sem skipt hafa lækna máli. Á tímabili var *Læknablaðið* gefið út í tveimur aðskildum blöðum í hvert sinn, þar sem annar hlutinn innihélt vísindalega efnið og hinn hlutinn félaslega efnið.

Læknablaðið hefur verulegt sögulegt gildi sem er mikilvægt að halda áfram með og birta áfram vísindarannsóknir íslenskra lækna og jafnvel annarra starfsstétta heilbrigðiskerfisins, nýjungar í læknisfræði og heilbrigðiskerfisins í heild.

Helga færði Læknafélagi Íslands innbundna árganga af *Læknablaðinu* sem Guðmundur Hannesson afi hennar handskrifaði og fjölritaði á Akureyri á árunum 1901-1904.

LÆKNABLAÐ Guðmundar Hannessonar

1902 - 1904

